

Sþ.

697. Tillaga til þingsályktunar

[161. mál]

um eflingu útgerðar í Ísafjarðarkaupstað.

Flm.: Finnur Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

Með því að ríkisstjórnin hefur nýlega veitt útflutningsleyfi fyrir fjórum skipum frá Ísafirði, en bæjarbúar þar og bæjarfélagið eru þess eigi umkomnir af eigin rammleik að bæta úr því tjóni, sem útflutningur skipanna hefur valdið, og auka útgerðina svo sem nauðsyn krefur, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að tveir hinna nýju togara verði gerðir út frá Ísafjarðarkaupstað, með tilstyrk ríkisins, eða af ríkinu, ef með þarf.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er hefur ríkisstjórnin nýlega veitt útflutningsleyfi fyrir vélskipunum Gróttu IS 580, Richard IS 549, Huginn I. IS 91 og Huginn II. IS 92. Saga þessa máls hefur verið rakin í greinargerð með tillögu til þingsályktunar á þskj. 374, svo og í nefndaráliti frá minni hluta allsherjarnefndar á þskj. 651, og verður því eigi rakin hér. Hinn óvenjulegi háttur ríkisstjórnarinnar, að semja um svo stórfelldan útflutning atvinnutækja, svo sem gert hefur verið, við aðila, sem hefur strokið með skip úr landi og liggur meðal annars undir ákæru ríkisins fyrir stórkostleg gjaldeyrissvik og annað athæfi, er varðar enn þyngri refsingu, verður heldur eigi gerður hér að umtalsefni, og er um það vísað til þeirra þingskjala, er áður segir.

Hins vegar lýtur tillaga þessi að því að bæta úr því atvinnutjóni, sem Ísfirðingar hafa orðið fyrir vegna brottflutnings skipanna. Svo sem kunnugt er hafa Ísfirðingar lífsviðurværi sitt nær eingöngu af fiskveiðum. Bregðist fiskveiðarnar eða séu veiðiskipin flutt burtu úr bænum, er ekki að neinu að hverfa um atvinnu.

Undanfarin 5 sumur hefur sildveiðin fyrir Norðurlandi brugðizt, og auk þess hafa þrjár þorskvertíðir á Ísafirði brugðizt í röð. Sú, sem nú er lokið, hefur verið hin versta. Atvinna er því mjög af skornum skammti, og tekjur manna hafa farið rýrnandi ár frá ári, því að sildveiði fyrir Norðurlandi hefur jafnan verið stunduð af miklu kappi frá Ísafirði, og kemur sildarleysið því mjög hart niður á Ísfirðingum. Af þeim skipum, sem ríkisstjórnin hefur nú látið úr landi, voru tvö hin stærstu sildveiðiskip og beztu sildveiðiskip Ísfirðinga, en tvö voru yfir meðallag. Á þessum skipum höfðu að jafnaði um 70 ísfirzkir sjómenn atvinnu um sildveiðitímann, en nokkru færri á öðrum tímum árs. Er af þessu augljóst, að brottflutningur hinna fjögurra skipa er mjög þungt áfall fyrir Ísfirðinga. Geta þeirra sjálfra til þess að bæta úr þessu er harla lítil. Útgerðarfélögin standa mjög höllum fæti vegna undanfarinna aflaleysisára, og hag bæjarfélags og einstaklinga, hefur mjög hrakað af sömu ástæðum. Verður því eigi annað séð en bæði lendi bæjarfélagið í stórkostlegum vandræðum og atvinnuleysi aukist enn að miklum mun, nema ríkið hlaupi undir bagga. Áhöfn tveggja togara er venjulega 66 manns, og mundi því útgerð tveggja togara bæta Ísfirðingum nokkurn veginn upp brottflutning hinna 4 skipa. Þar eð flm. líta svo á, að ríkisstjórnin hafi á hverjum tíma nokkra skyldu um að spilla í engu atvinnu landsmanna, leggjum við til, að tveir hinna nýju togara verði gerðir út frá Ísafirði með aðstoð ríkisins, eða af ríkinu, ef með þarf.